

Innivist ehf

Alþingi
Erindi nr. P 127/585
komudagur 10.01.02

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis

Reykjavík 9. janúar 2002

Við þökkum það traust sem okkur er sýnt með því að heilbrigðis- og trygginganefnd óskar eftir umsögn okkar um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á mögulegum áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannlíkamann.

Þekking okkar og reynsla snýr að rafsegulsviðinu sjálfu og mælingum á styrkleika þess, en ekki að áhrifum þess á mannlíkamann. Umsögn okkar mun því aðeins ná til þessara þátta þ.e. rafsegulsviðsins og styrkleika þess í og við hífylti og vinnustaði manna.

Innivist ehf hefur stundað mælingar á fjölmörgum þáttum í nánasta umhverfi mannsins innanhúss, sem áhrif hafa á vellíðan hans. Þar undir fellur rafsegulsvið sem afleiðing af notkun tækja og búnaðar á heimilum, skrifstofum og öðrum vinnustöðum.

Við höfum einnig hugað nokkuð að rafsegulsviði í grennd við háspennulínur og spennistöðvar og mælt styrkleika þess í nokkrum tilvikum. Tekið skal fram að mælingar á styrkleika rafsegulsviðs hafa ekki farið fram með skipulögðum hætti á vegum Innivistar, miklu fremur er um að ræða einstakar staðbundnar mælingar, sem ekki gefa því marktækar niðurstöður enn sem komið er.

Helstu niðurstöður okkar eru þær að undir háspennulínum mælist rafsegulsvið með styrkleika um 15 mG, sem minnkar nokkuð hratt og hverfur í um 100 m fjarlægð frá háspennulínunni. Ekki er óhugsandi að aðstæður geti verið breytilegar og þurfi því að gera ítarlegar mælingar á styrkleika rafsegulsviðs við breytilegar aðstæður til að fá traustar niðurstöður.

Í sambandi við mælingar okkar á margskonar þáttum innivistar, sem við höfum stundað í nokkur ár einkum í ýmsum byggingum og stofnunum Reykjavíkurborgar, höfum við í seinni tíð gert það að reglu að mæla rafsegulsvið á vinnusvæðum og íverusvæðum bygginganna og hafa þær mælingar sýnt rafsegulsvið af styrkleika allt að 5-7 mG. Í sumum tilvikum fer styrkleikinn upp í 10-20 mG t.d. nærri rafmagnstöflum og við rafmagnstæki svo sem tölvur, prentara, rafmagnsreiknivélar og borðviftur allt að 40-50 mG. Þessi rafsegulsvið eru staðbundin og dregur fljótt úr styrkleika með fjarlægð frá upptökum.

Við viljum með þessari umsögn okkar vekja athygli á, að ef rafsegulsvið hefur neikvæð heilsufarsleg áhrif á mannlíkamann sem erlendar rannsóknir benda til, þarf að hafa í huga að fleira en rafsegulsvið frá háspennulínum, spennistöðvum og fjarskiptamöstrum geta

Innivist ehf

verið orsakavaldar vanlíðunar og sjúkdóma. Við faraldsfræðilegar rannsóknir skv. þingsályktunartillögum er því nauðsynlegt að taka tillit til annarra þátta í nánasta umhverfi manna innanhúss. Sé það ekki gert getur að okkar mati dregið úr áreiðanleika rannsóknarinnar.


Athugandi þykir okkur að gerðar verði vandaðar og skipulegar mælingar t.d. í skólahúsnæði þar sem yngsta og væntanlega viðkvæmasta kynslóðin starfar langtímum saman, hugsanlega í óæskilega sterku rafsegulsviði. Sama gildir einnig um sjúkrastofnanir og aðra dvalarstaði manna þar sem víða getur verið sterkt rafsegulsvið.

Við höfum hér að framan dregið á nokkur atriði sem æskilegt er að hafa í huga varðandi faraldsfræðilega rannsókn á áhrifum rafsegulsviðs á mannlíkamann og teljum rétt að tekið verði tillit til þegar og ef af rannsókninni verður. Það er eindregin skoðun okkar að þessi fyrirhugaða rannsókn sé bæði æskileg og tímabær, ekki síst með tilliti til stöðugt vaxandi tæknivæðingar, þar sem margskonar búnaður og tæki sem byggja á rafsegulbylgjum og rafsegulsviði, skipta ört vaxandi sess í daglegu lífi mannsins. Við hvetjum því ákveðið til að rannsóknin fari fram og að að henni verði staðið með eins vísindalegum hætti og kostur er.


Virðingarfyllst,
f.h. Innivistar ehf



Svavar Jónatansson
framkvæmdastjóri



Erling Guðmundsson
lögg. rafvirkjameistari, stjórnarform.



Þorlákur Jónsson
 vélaverkfræðingur